

## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-01414/AIG-11**

Dags: **3. júlí 2014**

Staður: **Keflavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Hjól ekki niðri í læstri stöðu fyrir landingu**

Tveir flugmenn voru á flugvélinni TF-BCX, sem er flugvél af gerðinni Yak-52, í snertilendingum á flugbraut 02 á Keflavíkurflugvelli (BIKF), en verið var að tegundapjálfa flugmann á flugvélinni (PF). Rétt fyrir landingu sá þjálfunarflugmaðurinn (PNF) að grænt ljós vantaði í mælaborð, sem gaf til kynna að hjólin væru ekki niðri í læstri stöðu. Þjálfunarflugmaðurinn tók því stjórnina, gaf í og hóf fráhrarfsflug. Þar sem að flugbraut 02 á BIKF er mjög löng þá læsti þjálfunarflugstjórinn hjólin niðri og lenti flugvélinni á flugbrautinni strax í



kjölfarið. Í ljós kom að flugmaðurinn sem var í tegundapjálfun, og að fljúga, hafði ekki fært handfang fyrir hjólastell alla leið í „Gear down“ stöðu fyrir landinguna. Því fóru hjólin ekki niður í læsta stöðu. Talsverðar skemmdir urðu á skrúfublaðendum sem og minniháttar skemmdir á vængbörðum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2015.